



Reykjavík, 24. júní 2026

MIR26060017

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um endurskoðun á reglum um styrkveitingar og samstarfssamninga á sviði menningarmála

Ábyrgðarmaður:

Steinþór Einarsson, sviðsstjóri Menningar- og íþróttasviðs

Inngangur:

Hlutverk stýrihóps þessa er í samræmi við áherslur meirihlutans um að tryggja markvissari menningartengda styrki og auka eftirfylgni með verkefnum.

Um styrkveitingar á sviði menningarmála gilda auk hinna almennu styrkjareglna Reykjavíkurborgar sem samþykktar voru í borgarráði þann 25. maí 2017 sérreglur sem taka aðeins til menningarstyrkja og -samninga sem samþykktar voru af menningar-íþróttá- og tómstundaráði þann 22. ágúst 2022.

Í umræddum sérreglum er fjallað um skipan í faghóp sem fjallar um þá styrki sem sótt er um úr borgarsjóði á sviði menningarmála og ólíkar gerðir styrkja, samninga og hópa. Þá eru settar fram reglur um það verklag sem skal viðhafa við meðferð umsókna og framkvæmd úthlutana.

Meðferð og framkvæmd hvers kyns styrkveitinga og samstarfssamninga til menningarmála grundvallast og sækir stoð í menningarstefnu borgarinnar.

Lagt er til að stýrihópurinn skili af sér rýni og tillögum fyrir 20. ágúst nk. Þannig að mögulegt verði að leggja breytingartillögur fyrir ráðsfund 28. ágúst nk. en opnað verður fyrir umsóknir vegna styrkja, samstarfssamninga og listhópa í september nk. og stendur vilji til að næsta úthlutun fari fram á grundvelli uppfærðra reglna.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að rýna og gera breytingartillögur á gildandi Reglum menningar-, íþróttá og tómstundaráðs um úthlutun styrkja og samstarfssamninga Reykjavíkurborgar á sviði menningarmála frá 22. ágúst 2022.

Í tengslum við endurskoðun hópsins skal höfð hliðsjón af menningarstefnu Reykjavíkurborgar sem gildir til 2030. Leitast skal við að hvers kyns breytingartillögur séu til þess fallnar að tryggja markvissari menningartengda styrki og auka eftirfylgni með verkefnum. Þá skal hafa að leiðarljósi þau sjónarmið sem eru grundvöllur gildandi reglna en þau eru m.a. að vinnubrögð séu vönduð, byggi á faglegum og málefnalegum



Reykjavík



forsendum í hvívetna og að gætt sé að jafnræði til að styrkja trú umsækjanda á að hlutlægni sé gætt við meðferð umsókna.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Endurskoða *Reglur menningar-, íþróttá og tómstundaráðs um úthlutun styrkja og samstarfssamninga Reykjavíkurborgar á sviði menningarmála frá 22. ágúst 2022.*
- Leggja fram tillögur að uppfærðum reglum um úthlutun styrkja menningarráðs á sviði menningarmála.

Stýrihópurinn skipa:

Rúnar Freyr Gíslason, formaður menningarráðs

Þorvaldur Davíð Kristjánsson, menningarráði

Arnar Ingi Ingason, fulltrúi minnihluta

Starfsmaður/verkefnisstjóri stýrihópsins:

Arnfríður S. Valdimarsdóttir, skrifstofustjóri menningarborgar, menningar- og íþróttasviði.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Stýrihópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Stýrihópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil og skil:

Stýrihópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir 20. ágúst nk.